

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla Víðimóum 3, Húsavík



Dags eftirlits	31.10.2014	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Víðimóum 3	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	7110012470	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn Gunnarsson	ÍSAT nr.	38.22.0, 38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574850,759 614909,661

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin brennsla fer fram í stöðinni lengur en tekið er á móti úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum til flokkunar og meðhöndlunar.

Töluverðar breytingar eru fyrirhugaðar á eignarhaldi og rekstri brennslunnar um áramótin en þá mun Sveitarfélagið Norðurþing taka yfir skyldur Sorpsamlagsins vegna starfsleyfis. Umhverfisstofnun mun senda rekstraraðila upplýsingar um hvernig færa skuli starfsleyfi á nýjan rekstraraðila.

Öll flugaska sem geymd var í staðinni hefur nú verið komið til meðhöndlunar hjá viðurkenndum aðilum. Úrbætur vegna meðhöndlunar á botnösku hafa verið samþykktar fyrir urðunarstaðinn á Laugardal.

Ekkert grænt bókhald hefur borist frá rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Haldin var símafundur með Hafsteini Gunnarssyni um atriði er varða niðurstöður síðasta eftirlits, umfang núvarandi starfssemi og framtíðaráform. Gengið var um stöðina og flokkunaraðstaða og svæði utandyra skoðuð.

Varðandi grænt bókhald og skyldu fyrirtækisins til að skila slíku bókhaldi vísar Umhverfisstofnun annars vegar til ákvæði nr. 3.4 í starfsleyfi fyrirtækisins og hinsvegar í tölulið 5.1 í fylgiskjali við reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

Skv. upplýsingum frá rekstraraðila er von á áætlun vegna rekstrarstöðvunar verði skilað fyrir áramót.

Rætt var um umfang núverandi starfssemi og stöðu mála er varðar framtíðaráform rekstraraðila. Sorpsamlag Þingeyinga í núverandi mynd verður lagt niður um áramótin og mun Sveitarfélagið Norðurþing taka yfir skyldur sorpsamlagsins vegna starfsleyfis. Nýr tengiliður verður Tryggvi Jóhannsson hjá Sveitarfélaginu Norðurþingi. Starfsemin í brennslustöðinni mun væntanlega halda áfram í núverandi mynd, þ.e. einkum sem flokkunarstöð og móttaka og flokkun spilliefna.

Rætt var um meðhöndlun botnösku og áætlun um úrbætur vegna hennar sem samþykkt hefur verið af Umhverfisstofnun. Fram kom að boranir á sýnatökuholum við urðunarstaðinn í Laugardal verði gerðar í nóvember.

Gengið var um stöðina og flokkunaraðstaða skoðuð. Stöðin var snyrtileg á að líta og var flokkun í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Frávik frá

Ákvæði 3.4 í starfsleyfi og tölulið 5.1 í fylgiskjali við reglugerð 851/2002 um grænt bókhald

Lýsing á fráviki

Ekkert grænt bókhald hefur borist frá fyrirtækinu fyrir árið 2013

ANNAÐ

Drög að áætlun um rekstrarstöðvun hefur borist Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun mun senda rekstraraðila upplýsingar um hvernig færa skuli starfsleyfi á nýjan rekstraraðila. En til að sækja um færslu starfsleyfis þarf að fylla út umsóknareyðublað sem aðgengilegt er á vef Umhverfisstofnunar. Búast má við að afgreiðsla umsóknar taki um 3 vikur og innheimtir Umhverfisstofnun gjald fyrir færslu starfsleyfis skv. gjaldskrá.

Reykjavík, 09.12.2014

Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

